



Betri Borgarfjörður

Ársskýrsla 2019



Borgarfjarðarhreppur

Inngangur

Markmiðið með *Brothættum byggðum* er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið er unnið með því að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélag, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra.

Betri Borgarfjörður er eitt undirverkefna *Brothættra byggða* og hófst með vel sóttu íbúáþingi í febrúar 2018. Þar voru helstu hugðarefni íbúa rædd og stefna verkefnisins gróflega mótuð. Þá voru einnig fulltrúar íbúa í verkefnisstjórn kosnir.

Stjórn verkefnisins á Borgarfirði skipa:

Kristján Þ. Halldórsson, Byggðastofnun

Eva Pandora Baldursdóttir, Byggðastofnun

Jón Þórðarson, sveitarstjóri Borgarfjarðarhrepps

Signý Ormarsdóttir, yfirverkefnastjóri hjá Austurbrú

Stefán Bogi Sveinsson, fulltrúi SSA (nýr inn 2019)

Óttar Már Kárason, fulltrúi íbúa

Elísabet Dögg Sveinsdóttir, fulltrúi íbúa

Verkefnisstjóri er Alda Marín Kristinsdóttir.

Verkefnisstjórn fjarfundaði tvisvar sinnum árið 2019, þann 28. maí og 11. desember. Í millitíðinni var verkefnisstjórnarfundur haldinn á Borgarfirði þann 4. júlí. Ekki tókst að halda árlegan íbúafund um stöðu verkefnisins á árinu. Var það mat verkefnisstjórnar að mikið mæddi á íbúum vegna fundarhalda um mögulega sameiningu fjögurra sveitarfélaga á Austurlandi og því ákveðið að fresta íbúafundi þar til eftir áramót 2019/2020. Þess skal þó getið að verkefnisstjóri hélt íbúafund um stöðu heilbrigðismála á árinu þar sem góður árangur náðist, og fjallað er um síðar í skýrslunni. Íbúafundur um sameiningu sveitarfélaganna fór fram 10. október og kosningar voru haldnar 26. október þar sem íbúar allra sveitarfélaganna fjögurra kusu með sameiningu.

Óhætt er að segja að mikill árangur hefur náðst í verkefnum *Betri Borgarfjarðar* á árinu 2019. Fyrirferðamest eru verkefni tengd innviðum; húsnaðismál, heilbrigðismál, vegaframkvæmdir og fleira. Þá fór töluverður tími í verkefni tengd sameiningu fjögurra sveitarfélaga á Austurlandi, Borgarfjarðar eystri, Djúpavogs, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðar. Styrkúthlutun ársins fór fram í maí og undir lok árs hófst undirbúningur Samfélagsmiðstöðvarinnar Fjarðarborgar.

Stefnumótun og skipulag

Framtíðarsýn og markmið verkefnisins *Betri Borgarfjörður* eru sett fram í fjórum meginmarkmiðum:

- Gott mannlíf
- Fjölbreytt atvinnulíf
- Öflugir innviðir
- Einstakt umhverfi

Undirmerkið flokkana eru 46 talsins og eru fjölbreytt og metnaðarfull, allt frá því að efla félagslíf og yfir í heilbrigðis- og samgöngumál.

Árslok 2018		
1.1	Mótun samfélagssáttmála	Ekki hafið
1.2	Búðin – miðpunktur samfélagsumræðu	Lokið (stöðugt markmið)
1.3	Móttaka nýrra íbúa	Í vinnslu
1.6	Viðburðadagatal í Búðinni / BE.is	Lokið (styrkt af BB)
1.7	Afþreying og félagsstarf íbúa	Í vinnslu (stöðugt markmið)
3.1	Opnun matvöruverslunar	Lokið
3.6	Ljósleiðari BE/Njarðvík	Lagður 2019/allir bæir tengdir 2020
3.7	Viðvera læknis/hjúkrunarfræðings	Í vinnslu (íbúafundur)
3.11	Grunnskóli/jöfnunarsjóður	Lokið án árangurs
3.4	Breikkun vegar út í Höfn	Lokið
2018-2019		
1.4	Íslenskukennsla og efling nýbúa	Ekki hafið – hefst 2020
1.8	Stofnun fjarbúafélags	Lokið
1.9	UMFB íprótttaefingar	Í vinnslu (aðrar leiðir farnar)
1.10	Þjónustukönnun	Ekki hafið
2.9	Miðlæg sölusíða ferðabj.aðila	Fer ekki af stað
2.10	Borgarfjörður Escape	Fer ekki af stað
2.11	Bátsferðir	Lokið án árangurs (styrkt af BB)
2.14	Endurbætur á Kaupfélagshúsi	Í vinnslu (styrkt af BB) (einkaframkv.)
2.15	Innanhússkipulag þjónustuhúss í Höfn	Ekki hafið
Árslok 2019		
2.2	Aflamark Byggðastofnunar	Lítilllega hafið
2.4	Samfélagsmiðstöðin Fjarðarborg	Hafið og í vinnslu á árinu 2020
2.5	Fjarstörf / störf án staðsetningar	Lítilllega hafið
2.6	Endurbætur á Fjarðarborg	Hefst 2020
2.7	Efling ferðabjónustu	Stöðugt markmið
2.8	Markaðssetningarátak ferðabj.	Hafið (aðrar leiðir farnar)
2.12	Handverkshús/aðst. f. handverksfólk	Lokið án árangurs
2.13	Endurbætur á Bræðslu	Lítilllega hafið (einkaframkvæmd)
3.2	Rekstur Búðarinnar til framtíðar	Stöðugt markmið
3.3	Slitlag á Borgarfjarðarveg	Njarðvíkurskriður og Vatnsskarð 2019
3.7	Bætt heilbrigðisþjónusta	Lokið – sjá nánar í skýrslu
3.8	Fjarlækningar	Í vinnslu - sjá nánar í skýrslu
3.9	Aukin þjónusta við aldraða	Lokið (í tengslum við 3.7)
3.10	Uppbygging íbúðarhúsnæðis	Í vinnslu – sjá nánar í skýrslu

3.11	Leigumiðlun íbúðahúsnæðis	Ólokið
4.1	Sögu- og upplýsingaskilti	Í vinnslu (styrkt af BB)
4.2	Umhverfisverkefni	Stöðugt markmið (t.d. úrbótaganga)
4.3	Aukin sjálfbærni	Ekki hafið
4.5	Endurskoðun aðalskipulags	Ekki hafið
4.8	Lagfæring gatna, stétta, götulýsingar	Ekki hafið

Innviðamál hafa verið hvað fyrirferðarmest á árinu og hér verður aðeins stiklað á stóru.

Annað starfsár Búðarinnar á Borgarfirði hefur gengið ágætlega og var sala betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Forsvarsaðilar búðarinnar hafa nýtt sér styrki úr sjóði Betri Borgarfjarðar og úr A.9 Verslun í strjálbýli. Fengu þau m.a. styrki til reksturs upplýsingamiðstöðvar og fyrir fræðsludegi og frumkvöðlaþingi sem haldið var í maí. Verslunin hefur því sannarlega lagt sitt af mörkum til eflingar samfélagsins á Borgarfirði og aukið þjónustu á staðnum svo um munar.

Áfram hefur verið unnið að húsnæðismálum. Húsnæðishópur, undir stjórn Rögnu Óskarsdóttur, vann umsókn um stofnframlag til byggingar leiguíbúða til Íbúðalánasjóðs (ÍLS) sem skilað var í apríl. Í október fékkst staðfesting frá ÍLS og í kjölfarið farið í að afla tilboða í húsbyggingar. Lagt var upp með að byggð yrðu tvö parhús með tveimur tveggja herbergja og tveimur þriggja herbergja íbúðum. Niðurstaðan var að kaupa fullbyggð hús frá Litháen í gegnum byggingafyrirtækið Jötunn-byggingar og er gert ráð fyrir að húsin rísi í nóvember 2020.

Vegaframkvæmdir í Njarðvíkurskriðum voru boðnar út á árinu 2018 og hófust þá framkvæmdir. Aukið fjármagn fékkst til að hefja framkvæmdir á Vatnsskarði og lauk vinnu í Skriðum og á hluta Vatnsskarðs upp úr Njarðvík á haustdögum 2019. Verklök á Vatnsskarði eru áætluð haustið 2020 en þá verður enn eftir ca. 15 km. malarkafli á Borgarfjarðarvegi frá Eiðum að bænum Laufási á Héraði.

Skriður komst á heilbrigðismál á Borgarfirði eftir fund í Fjarðarborg þann 29. apríl þar sem fulltrúum Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA) var boðið til samtals við íbúa. Kom þar fram eindregin ósk íbúa um bætt aðgengi að heilbrigðisþjónustu í heimabyggð, enda um langan veg að fara á heilsugæsluna á Egilsstöðum og langt á milli heimsóknar hjúkrunarfræðinga á Borgarfjörð. Fram kom í máli heimamanna að þeir væru tilbúnir að hugsa í lausnum. Fulltrúar Brothættra byggða, Björgunarsveitarinnar Sveinunga, Brunavarna Austurlands og sveitarstjórnar unnu minnisblað með tillögum sem sveitarstjórn kom svo á framfæri við HSA. Í sumarbyrjun auglýsti HSA 50% stöðu hjúkrunarfræðings á Borgarfirði og bærust tvær umsóknir. Hjúkrunarfræðingur tók til starfa í októberbyrjun og sinnir starfi sínu alfarið frá Borgarfirði. Undir lok árs flutti HSA fjarlækningatæki á Borgarfjörð og gerir nú tilraunir með að nýta það við þjónustu við sjúklinga.

Eitt af verkefnismarkmiðum *Betri Borgarfjarðar* er að byggja upp starfsemi svokallaðrar Samfélagsmiðstöðvar í félagsheimilinu Fjarðarborg. Nú þegar er öflug menningar- og veitingastarfsemi í húsinu yfir sumartímann en nýting yfir vetrartímann er afar takmörkuð. Skólamötuneyti er opið þrjá daga í viku auk nokkurra fastra viðburða nokkrum sinnum yfir árið. Á efri hæð hússins er glæsileg líkamsræktaraðstaða UMFB og

skrifstofuaðstaða sem nýta mætti enn betur. Sótt var um styrk til Uppbyggingarsjóðs Austurlands til að móta hugmyndafræði samfélagsmiðstöðvarinnar og starfsemi hennar til framtíðar og var verkefninu veittur 800.000 kr. styrkur. Horft er til svipaðra verkefna á Íslandi, t.d. Blábankans á Þingeyri og Herðubreiðar á Seyðisfirði auk þess að byggja upp enn betri aðstöðu til fjarvinnu. Áfram verður unnið að þessu verkefni árið 2020.

Byggingu hafnarhússins við Borgarfjarðarhöfn lýkur senn og mun sveitarfélagið auglýsa rekstur þess til leigu á vormánuðum 2020. Þar er undir rekstur og umsjón með aðstöðu í húsinu auk veitingasölu og sýningarrýmis á efstu hæð. Vonir standa til þess að hafnarhúsið styrki þá aðstöðu sem þegar hefur verið byggð upp í kringum varpsvæði lundans í Hafnarhólma og þar gefist tækifæri til að kynna ferðafólki enn betur þá afþreyingu og þjónustu sem í boði er á Borgarfirði.

Ferðaþjónustan heldur áfram að blómstra á Borgarfirði. Nýtt fyrirtæki hóf starfsemi í sumar, hjólaleigan Fjarðarhjól ehf. Eigendur hlutu styrk úr BB á árinu til að koma fyrirtækinu á fót. Gistihúsið Blábjörg hyggst stækka og bæta spa-aðstöðuna en um leið eru framkvæmdir að hefjast á gamla kaupfélagshúsinu. Auk þess sem stendur til að endurbyggja húsið í samráði við Minjastofnun er þar áætlað að opna landasafn, gin- og landaframleiðslu og bjórbrugghús.

Í lok árs bárust þau tíðindi að Harðfiskverkunin Sporður hf. sem hefur verið til heimilis á Eskifirði hefði verið keypt af hjónunum Helgu Björgu Eiríksdóttur og Kára Borgari Ásgrímssyni. Starfsemin verður því flutt á Borgarfjörð upp úr áramótum 2019/2020.

Fyrirtækið Icelandic Down – Íslenskur dúnn ehf. hóf starfsemi sína af fullum krafti á árinu. Fræjum var sáð strax veturinn 2018/2019 en verkefnið hóf sig til flugs með þátttöku í viðskiptahraðlinum *Til sjávar og sveita* árið 2019. Fyrirtækið fullvinnur sængur og kotta úr íslenskum æðardúni sem týndur er í Loðmundarfirði.

Styrkjамál

Auglýst var eftir umsóknum um styrki í sjóð *Brothættra byggða* þann 26. mars og rann umsóknarfrestur út 29. apríl. Alls bárust 20 umsóknir frá 14 einstaklingum/fyrirtækjum/félagasamtökum. Heildarfjárhæð allra verkefna sem sótt var um fyrir var 18.019.581 kr. og heildarkostnaður þeirra var 26.602.221 kr. Þann 4. júní voru 14 styrkir formlega afhentir 12 styrkhöfum, alls að upphæð 7.000.000 kr.

Yfirlit styrkja:

Fyrirtæki/einstaklingur	Styrkt verkefni	Upphæð
Adrian Zuk	Icelandic Home – viðskiptaáætlun	300.000
Hafþór S. Helgason	Upplifðu Borgarfjörð	650.000
Blábjörg ehf.	Undirbúningur fyrir heit sjóböð	450.000
UMFB	Líkamsræktartæki	500.000
Árni Magnús Magnusson	Fjord Bikes – Fjarðarhjól ehf.	600.000
Helgi H. Ásgrímsson o.fl.	Samfélagssvín	400.000
Ferðamálahópur Bfj. og Ferðafél. Fljótsdalshéraðs	Víkna-slóðir: Merkingar og kort	400.000
Fjarbúafélag Borgarfjarðar	Sögumerking bæja á Borgarfirði	200.000
Helga Björg Eiríksdóttir	Konfektgerð	450.000
Gusa ehf./Búðin Bfj.	Upplýsingamiðstöð	700.000
Íslenskur dúnn ehf.	Markaðsrannsókn	600.000
Íslenskur dúnn ehf.	Þróunarvinna v. svefnpoka	1.000.000
Íslenskur dúnn ehf.	Tækjakaup	350.000
Mamúni ehf.	Kayhike	400.000

Þess má geta að aðilar sem hlotið hafa styrki úr sjóði *Brothættra byggða* hafa einnig sótt í aðra styrktarsjóði og fengið úthlutað:

Umsækjandi	Styrkt verkefni	Sjóður	Upphæð
Blábjörg ehf.	Sjóbaðsaðstaða	Uppbyggingarsjóður Austurlands	1.900.000
Kata Sümegi	Porcelain Studio	Uppbyggingarsjóður Austurlands	600.000
Kata Sümegi	Porcelain Studio viðskiptaáætlun	Atvinnusjóður kvenna	600.000
Gusa ehf.	Rekstrarstyrkur 2019-2021	Verslun í dreifbýli/Stefnum. byggðaá.	3.000.000
Ferðafélag Fljótsdalshéraðs	Vernd náttúru og bætt öryggi gesta á Víkna-slóðum	Framkvæmdasjóður ferðamannastaða	3.501.680

Þá sótti Blábjörg einnig um til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða fyrir árið 2019 vegna sjóbaðsaðstöðu en hlaut ekki styrk.

Námskeið – fundir - ráðstefnur

Verkefnisstjóri hefur tekið þátt í *Interface* verkefninu ásamt öðrum verkefnisstjórum *Brothættra byggða*. Fyrsta lota var haldin á Borgarfirði í lok ágúst 2018, önnur í Hrísey í október og sú þriðja á Þingeyri í nóvember. Í apríl 2019 var haldið á Kirkjubæjarklaustur og lokaráðstefna fór fram á Sauðárkróki í júní. Annar fulltrúi íbúa í *Betri Borgarfirði*, Óttar Kárason hefur einnig tekið þátt í verkefninu. Upp úr stendur að myndast hafa betri tengsl milli verkefnisstjórnanna og byggðarlaganna en voru áður. Það er mikils virði að fá vettvang til að hittast, bera saman bækur og heimsækja önnur brothætt byggðalög. Verkefnisstjórar hafa reynt að halda reglulega fjarfundi eftir að verkefninu lauk en hefur gengið upp og ofan að ná hópnum saman.

Norræn ráðherranefnd um byggðamál heimsótti Borgarfjörð 9. maí og fékk stuttu útgáfuna af tilkomu og framgangi verkefnisins á Borgarfirði. Hópurinn fór í stutta kynnisferð út í Höfn, heimsótti Búðina á Borgarfirði og Fiskverkun Kalla Sveins, auk þess að snæða hádegisverð í Blábjörgum.

Verkefnisstjóri fór á vegum Austurbrúar og Búnaðarsambands Austurlands ásamt bændum frá Borgarfirði og annars staðar af Austurlandi til Borgundarhólms í Danmörku í júní 2019. Tilgangur ferðarinnar var að kynna því hvernig eyjaskeggjar framleiða, kynna og selja staðbundnar vörur úr eigin hráefni. Heimsótt voru nautgripabú, svínabú, heimakjöttvinnsla/-sláturhús, epla- og hafþyrniberjabændur, auk ferðamannastaða sem byggja á matarmenningu svæðisins.

Haustþing SSA var haldið á Borgarfirði 11.-12. október. Ráðherrar sveitarstjórnarmála og sjávarútvegs mála voru viðstaddir þingið. Nýttu sveitarstjórn og verkefnisstjóri *Betri Borgarfjarðar* tækifærið til fundar með sjávarútvegsráðherra um stöðu sjávarútvegs mála á svæðinu, sérstaklega um mögulegar lokanir fyrir togveiðar stærri skipa á helstu veiðisvæðum borgfirskra dagróðrabáta.

Að öðru leyti hefur verkefnisstjóri reynt að mæta á þá fundi og ráðstefnur sem haldnar eru á Austurlandi, t.d. vegna, ferðaþjónustu, menningar- og atvinnu mála eða styrkja sem í boði eru, til að geta þá miðlað þeim upplýsingum áfram til íbúa byggðalagsins. Verkefnisstjóri fór einnig á vorþing atvinnuþróunarfélaganna sem haldið var á Akureyri í apríl og haustþing á Ísafirði í lok október. Á þeim fundi gafst verkefnisstjórum loks tækifæri á að hittast aftur í persónu. Verkefnisstjóri er fulltrúi Borgarfjarðarhrepps í Markaðsráði sveitarfélaganna á Austurlandi, fulltrúi íbúa í menningarhópi vegna undirbúnings sameiningar sveitarfélaga á Austurlandi og fulltrúi Austurbrúar í starfshópi um jöfnun flutningskostnaðar (A.8) auk þess að hafa sinnt enskukennslu í Grunnskóla Borgarfjarðar veturinn 2019-2020.

Borgarfirði eystri, 2. október 2020



Alda Marín Kristinsdóttir

Borgarfjörður í fréttum

Umfjöllun um verkefnið Brothættar byggðir og Betri Borgarfjörður í júníhefti Iceland Review: <https://www.icelandreview.com/politics/fragile-hope/>

Sporður hf. flutti til Borgarfjarðar á árinu: <https://n4.is/player?v=vI3iNIfMtjc>

Icelandic Down/Íslenskur dúnn valið til þátttöku í viðskiptahraðalinn *Til sjáva og sveita*:

<https://www.austurfrett.is/frettir/borgfirskt-verkefni-validh-til-thattoeku-i-vidhskiptahradhli>

N4 heimsótti svo Rögnu í Dúninn og fékk að kynna sér ferlið að fullunninni afurð:

https://n4.is/player?v=Kr5GV_qJ_Dk

Verkefnið *Samfélagssvín* sem hlaut styrk úr sjóði BB 2019 naut töluverðrar athygli:

https://www.ruv.is/frett/samfelagssvin-eiga-ad-eta-urgang-a-borgarfirdi?fbclid=IwAR0GdH0meEe8b-3J47Q1p5IYmaGEcfK6Aq7rdQZoni5y-VrCAivQL_g9CzU

Mikilvægur áfangi náðist þegar hjúkrunarfræðingur var ráðinn til starfa á Borgarfjörð:

<https://www.austurfrett.is/frettir/mikilvaegur-afangi-hjukrunarfraedhingur-radhinn-a-borgarfjoerdh?fbclid=IwAR0rYfaeqWHWJZngpqgQ4oAxZLXt-V8aNNi-s29a1-UNZYF-ml4FMGwtgs>

Hönnun og bygging hafnarhússins hefur hlotið alþjóðlega athygli:

<https://www.archdaily.com/929007/visitor-centre-in-iceland-andersen-and-sigurdsson-architects?fbclid=IwAR2ZN8VqiVKAFsQQZvRyjkBOdS3W9pCsJAfyTeWleq0CgAnIMhxcUQViU-8>

Torfbærinn Lindarbakki lenti illa í alræmdu Dyrfjallaveðri í janúar. Ekki vildi betur til en svo að torfbakið flettist af húsinu í heilu lagi og tók með sér strompinn í leiðinni. Í sumar var þakið svo lagað, tyrft á ný og er nú Lindarbakki eins og hann á að sér að vera. Og Stella komst á blót!

<https://www.ruv.is/frett/borgfirdingar-laga-husid-og-stella-fer-a-blot>